

Um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Sveitarfélaginu Vogum afgreiðir án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar mál er falla undir IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum og skv. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Jafnframt afgreiðir hann mál sem talin eru upp í 2. gr. með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gildi einnig ákvæði samþykktar um umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar eða grenndarkynntar deili-skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar og auglýsa í Stjórnar-tíðindum skv. 5. másl. 1. mgr. 25. gr. sömu laga nema umhverfis- og skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að skipta jörðum, löndum og lóðum og breyta landa-merkjum án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

3. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru almennir byggingarskilmálar sem umhverfis- og skipulagsnefnd setur og nafngiftir á hverfum, götum og torgum sem bæjarstjórn ákveður að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagsnefndar.

4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. og 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

5. gr.

Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skv. 1. og 2. gr. skulu fara fram á formlegum fyrirfram auglýstum afgreiðslufundum og skal ritari halda fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar til kynningar. Í fundar-gerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram. Skal fundargerðin varðveitt undirrituð af skipulags- og byggingar-fulltrúa og formanni umhverfis- og skipulagsnefndar til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram. Nr. 1110 17. desember 2009

6. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

7. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2010